

# SKÁLDAÐIR TEXTAR

## Fiction

### Af hverju skrifum við skáldaðan texta?

Tilgangur skáldaðra texta er **að skemmta lesandanum eða vekja önnur hughrif** hjá honum. Þessir textar eru viðurkenndir fyrir form, stíl og listrænt eða fagurfræðilegt gildi.

Skáldaðir textar eða skáldskapur vísar til bókmennta sem eru búnar til úr hugmyndafluginu.

Í enskumælandi löndum er texta oft skipt upp í tvo meginflokkar: skáldaðan texta (*fiction*) og raunsannan texta (*nonfiction*).

### Undirflokkar skáldaðra texta

Epík, lýrik og dramatík eru þrjár höfuðgreinar bókmennta og eru þetta undirflokkar skáldaðra texta. Hugtökun eru öll komin úr grísku. Í dag kjósum við að tala um skáldsögur, ljóð og leikrit.

### Skáldsögur

Epík er dregið af gríska orðinu *epos* en frummerking þess er „það sem sagt er“ enda er epík frásögn sögumanns af atburðum sem hafa gerst eða eiga að hafa gerst. Á seinni tímum hefur *skáldsöguhugtakið* komið í staðinn en stundum er *frásagnarhugtakið* notað.

Einkenni:

- Inniheldur söguþráð sem felur í sér einn eða fleiri atburði.
- Ein eða fleiri sögupersónur (aðal- og auka-) sem geta verið menn, dýr eða annað.
- Umhverfi sögunnar er lýst á einn eða annan hátt.
- Getur falið í sér boðskap.

Dæmi:

- spennusögur
- furðusögur
- ævintýri
- vísindaskáldsögur
- sögulegar skáldsögur
- þjóðsögur
- teiknimyndasögur

## Ljóð

Lýrik er dregið af gríska orðinu lyra sem var strengjahljóðfæri. Í upphafi átti orðið lýrik aðeins við söng með lýruundirleik en nú er það samheiti yfir kveðskap eða ljóð sem oftast fela í sér túlkun á tilfinningum og hugblæ.

Einkenni:

Uppbygging ljóða er mjög mismunandi eftir gerð þeirra og því ekki hægt að alhæfa um einkenni. Hér að neðan eru þó talin upp nokkur atriði sem eru algeng í hefðbundinni ljóðagerð.

- stuttur texti
- hrynjandi
- myndmál
- stuðlar og höfuðstafir
- rím

Dæmi:

- limrur
- rímur
- vísur
- nútímaljóð
- söngtextar

## Handrit

Dramatík er myndað eftir gríska orðinu drama. Í upphaflegri merkingu orðsins eiga atburðirnir sér yfirleitt stað í nútíð og dramatík tengdist leiksviði hjá Forngríkkjum. Á seinni tímum hefur leikrit eða leikritun komið í stað dramatíkur en þar sem ekki er eingöngu verið að horfa til leikrita á sviði þá er notast við hugtakið handrit.

Einkenni:

- Inniheldur samræður persóna eða einræðu ef um einleik er að ræða (það sem persónur segja hver við aðra).
- Leiðbeiningar varðandi hvernig leikið/talað er.
- Leiðbeiningar um annað sem gerist í verkinu.
- Getur innihaldið leiðbeiningar varðandi leikmuni.

Dæmi:

- Leikrit fyrir flutning á sviði
- Kvikmyndahandrit
- Útvarpsleikrit
- Handrit fyrir þátt eða leikna mynd í sjónvarpi

# SKÁLDAÐIR TEXTAR

Við notum skáldaða texta til að skemmta lesendum eða vekja önnur hughrif!  
Hér eru nokkur dæmi:

Ævintýri

Nútímaljóð

Spennusaga

Kvikmynd

Söngtexti

Teiknimyndasaga

Sjónvarpsleikrit

Vísur

Útvarpsleikrit

